

Nr. 438

8. maí 2009

AUGLÝSING um deiliskipulag í Hvalfjarðarsveit.

Laxárbakki.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt nýtt deiliskipulag Laxárbakka, Hvalfjarðarsveit. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir einu starfsmannahúsi til viðbótar við tvö fjöleignarhús á lóðinni.

Iðnaðar- og hafnarsvæðið á Grundartanga, vestursvæði.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt breytt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið á Grundartanga, vestursvæði.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir stækken svæðis úr 27,2 ha í 77,7 ha með misstórum lóðum fyrir hafnsækna starfsemi, þjónustustarfsemi tengda hafnarstarfsemi og iðnaðarframleiðslu.

Deiliskipulagstillögurnar hafa fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 8. maí 2009,

Skúli Lýðsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. maí 2009